



Reykjavík 04.02.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 3. febrúar 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Borgartúnsreitur vestur 1.216

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur, afm. af Borgartúni, Snorrabraut, Sæbraut og Katrínartúni, samþykkt þann 7. apríl 2011. Þessi breyting felst í breyttum skipulagsmörkum við Snorrabraut og Borgartún og er lögð fram vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Breyta þarf gild. deiliskipulagi svo ekki verði skörun á skipulagsmörkum á milli deiliskipulagssvæða. Breytingin felur í sér að deiliskipulagsmörk eru færð að austurhlið lóðamarka Sætúns nr. 1. Þá eru deiliskipulagsmörk færð að lóðarmörkum lóða við Borgartún, það eru lóðir við Borgartún nr. 1, 3 og 7 ásamt suðurhlið lóðar við Sætún nr. 1, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 25. janúar 2021. Breytingin nær aðeins til götusvæða og borgarlands. Breyting á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis verður auglýst samhliða þessari tillögu. Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að auglýsa tillöguna.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 25. janúar 2021.




REYKJAVÍKURBORG

Borgartúnsreitur vestur


Breyting á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur

Breytt afmörkun við Snorrabraut



Gildandi deiliskipulags samþykkt 07.04.2011, tók gildi 27.06.2011, ásamt breytingum frá 2017 og 2020.

1:1000



Deiliskipulagstillaga

1:1000

GREINARGERÐ

Lögð er fram breytingartillaga á deiliskipulagi *Borgartúnsreitur vestur, afm. af Borgartúni, Snorrabraut, Sæbraut og Katrínartúni* - samþykkt þann 07.04.2011, birt í B-deild stjórnartíðinda 27.06.2011. Frá gildistöku hafa verið gerðar sex breytingar, síðast 24.06.2020.

Þessi breyting er lögð fram vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Þar stendur til að færa gatnamót Snorrabrautar ásamt borgarlandi inn í þá skipulagsáætlun. Breyta þarf þessu deiliskipulagi svo ekki sé skörun á skipulagsmörkum á milli deiliskipulagssvæða. Breyting á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis er auglýst samhliða þessari tillögu.

Þessi breyting felst í breyttum skipulagsmörkum við Snorrabraut og Borgartúni.

Í dag liggja skipulagsmörkin í vestur eftir götukannti Snorrabrautar. Breytingin felur í sér að mörkin eru færð að austurhlíð lóðamarka Sætúns nr. 1. Þá eru mörkin færð að lóðarmörkum lóða við Borgartún, það eru lóðir við Borgartún nr. 1,3 og 7 ásamt suðurhlíð lóðar við Sætún nr. 1. Áfram liggja mörk skipulagssvæðisins við götukannt meðfram Sæbraut og Katrínartún (áður Höfðatún).

Í greinargerð segir um afmörkun svæðisins:

Svæðið afmarkast af Snorrabraut í vestri, Sæbraut í norðri, Höfðatúni í austri og Borgartúni í suðri og nær yfir staðgreinireiti 1.126.2, 1.126.2 og 1.126.3 eins og uppdráttur sýnir.


Eftir breytingu verður afmörkun svæðisins svohljóðandi (breytingar feitletraðar):

Svæðis afmarkast af lóðarmörkum lóða við Snorrabraut í vestri, Sæbraut í norðri, Höfðatúni í austri og lóðarmörkum lóða (og mörkum staðgreinireita) við Borgartún í suðri og nær yfir staðgreinireiti 1.126.2, 1.126.2 og 1.126.3 eins og uppdráttur sýnir.

Svæðið sem skorið er frá með þessari breytingu verður hluti af aðliggjandi deiliskipulagi, *Deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag*.

Breytingin nær aðeins til götusvæða og borgarlands.

Aðrir skilmálar eru óbreyttir.



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk fyrir breytingu
- - - Ný skipulagsmörk

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í

_____ þann

_____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__
með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__



YRKI ARKITEKTAR

Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 6629
Kt: 560997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Asdis H. Ágústsdóttir Arkitekt FAI
Sólveig Berg Arkitekt FAI

VERKKAUPI		VERK	
Reykjavíkurborg		HLEMMUR	
DAGSETNING	KVARDI	TEIKNAD	ÚTGEFID AF
25.01.2021	1:1000 (A1)	GÁ	GÁ
TEIKNING	VERK NR.	TEIKNING NR.	ÚTGÁFA
D01	V314	1 af 1	